

	<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2005/EES/29/01		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 218/03/COL frá 12. nóvember 2003 um ríkisaðstoð sem er fólgin í mismunandi almannatryggingagjaldi eftir héruðum (Noregur) . . . . .	1
2005/EES/29/02		Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr. EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. í I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól — Tilteknar undanþágur frá raforkugjaldi (Noregur). . . . .	16
	3.	<b>EFTA-dómstóllinn</b>	
	<b>III</b>	<b>EB-STOFNANIR</b>	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2005/EES/29/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3696 – E.ON/MOL). . . . .	17
2005/EES/29/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3732 – Procter & Gamble/Gillette) . . . . .	18
2005/EES/29/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3778 – Böhler-Uddeholm/Buderus) . . . . .	19
2005/EES/29/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3804 – Continental/Xtra Print) . . . . .	20

<b>2005/EES/29/07</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3833 – 3i SGR/Giochi Preziosi) . . . . .	21
<b>2005/EES/29/08</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3836 – Goldman Sachs/Pirelli Cavi e Sistemi Energia/ Pirelli Cavi e Sistemi Telecom) . . . . .	22
<b>2005/EES/29/09</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3839 – Access Industries/Basell) . . . . .	23
<b>2005/EES/29/10</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3840 – CVC/Cortefiel) . . . . .	24
<b>2005/EES/29/11</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3843 – Macquarie/CDPQ/YBR Group) . . . . .	25
<b>2005/EES/29/12</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3844 – IBM Italia/Global Value) . . . . .	26
<b>2005/EES/29/13</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3852 – Hyundai Motor Company/Hyundai Car UK Ltd.) . . . . .	27
<b>2005/EES/29/14</b>	Afturköllun tilkynningar um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3808 – Mittal/Huta Stali Czeŝochowa) . . . . .	28
<b>2005/EES/29/15</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3595 – Sony/MGM) . . . . .	28
<b>2005/EES/29/16</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3622 – Valeo/Engel) . . . . .	28
<b>2005/EES/29/17</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3665 – Enel/Slovenske Elektrarne) . . . . .	29
<b>2005/EES/29/18</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3680 – Alcatel/Finmeccanica/Alcatel Alenia & Telespazio) . . . . .	29
<b>2005/EES/29/19</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3733 – Dow/DDE) . . . . .	30
<b>2005/EES/29/20</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3736 – EQT/GSCP/ISS/JV) . . . . .	30
<b>2005/EES/29/21</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3747 – Rautaruukki/Wärtsilä/SKF/JV) . . . . .	31
<b>2005/EES/29/22</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3766 – Nordic Capital/Leaf Int.) . . . . .	31
<b>2005/EES/29/23</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3768 – BBVA/BNL) . . . . .	32
<b>2005/EES/29/24</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3772 – Aviva/RAC) . . . . .	32

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA  
nr. 218/03/COL

2005/EES/29/01

frá 12. nóvember 2003

um ríkisaðstoð sem er fólgin í mismunandi almannatryggingagjaldi eftir héruðum  
(NOREGUR)

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið <sup>(1)</sup>, einkum 61., 62. og 63. gr. og bókun 26,

með hliðsjón af samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls <sup>(2)</sup>, einkum 24. gr. og bókun 3,

með hliðsjón af leiðbeiningum eftirlitsstofnunarinnar <sup>(3)</sup> um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins,

með hliðsjón af ákvörðun eftirlitsstofnunarinnar um tillögu að viðeigandi ráðstöfunum af hálfu Noregs <sup>(4)</sup>,

með hliðsjón af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2002 frá 25. júní 2002 <sup>(5)</sup> um að fella inn í XV. viðauka við EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 69/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart lágmarksaðstoð <sup>(6)</sup> [*p.e. aðstoð undir frimarki, innsk. þýð.*],

eftir að hafa leitað eftir athugasemdum hagsmunaaðila í samræmi við ofangreind ákvæði <sup>(7)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Norsk stjórnvöld tilkynntu eftirlitsstofnuninni með bréfi dagsettu 26. mars 2003 að gefinn yrði þriggja ára aðlögunartími vegna afnáms mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum og tekið upp nýtt kerfi beinna flutningsstyrkja.

Ákvörðun þessi varðar eingöngu tilkynninguna um þriggja ára aðlögunartíma vegna mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum, en ekki tilkynninguna um nýtt kerfi beinna flutningsstyrkja.

<sup>(1)</sup> Nefnist hér „EES-samningurinn“.

<sup>(2)</sup> Nefnist hér „samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“.

<sup>(3)</sup> Málsmeðferðar- og efnisreglur á sviði ríkisaðstoðar („Leiðbeiningar um ríkisaðstoð“) sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti og sendi frá sér 19. janúar 1994. Leiðbeiningarnar birtust í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* L 231, 3.9.1994 og EES-viðbæti nr. 32, 3.9.1994. Þeim var síðast breytt 5. nóvember 2003 (enn óbirtar breytingar).

<sup>(4)</sup> Ákvörðun nr. 172/02/COL. Stjtið. ESB C 52, 6.3.2003, bls. 16 og EES-viðbætur nr. 13, 6.3.2003, bls. 1.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 266, 3.10.2002, bls. 56 og EES-viðbætur nr. 49, 3.10.2002, bls. 42.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 10, 13.1.2001, bls. 30.

<sup>(7)</sup> Ákvörðun nr. 141/03/COL frá 16. júlí 2003. Stjtið. ESB C 216, 11.9.2003, bls. 3 og EES-viðbætur nr. 45, 11.9.2003, bls. 1.

## I. MÁLSATVIK

### 1. INNGANGUR

Með bréfi sendiráðs Noregs gagnvart Evrópusambandinu dagsettu 26. mars 2003 (skjalnr. 03-1846 A), sem hafði að geyma bréf viðskipta- og iðnaðarráðuneytisins dagsett 25. mars 2003, bréf fjármálaráðuneytisins dagsett 25. mars 2003 og bréf sveitastjórnar- og byggðápróunarráðuneytisins, en öll bréfin bárust eftirlitsstofnuninni og voru skráð hjá henni 26. mars 2003, tilkynntu norsk stjórnvöld að gefinn yrði þriggja ára aðlögunartími, frá 2004 til 2007, vegna afnáms mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum að því er varðaði atvinnurekendur á tilteknum landsvæðum (gjaldsvæðum 3 og 4) og tekið upp nýtt kerfi beinna flutningsstyrkja innanlands. Norsk stjórnvöld gerðu einnig grein fyrir nýjum reglum um frímark sem beitt skyldi í tengslum við greiðslur atvinnurekenda á almannatryggingagjaldi.

Með bréfi sendiráðs Noregs gagnvart Evrópusambandinu dagsettu 15. apríl 2003 (skjalnr. 03-2467 A), sem hafði að geyma bréf viðskipta- og iðnaðarráðuneytisins dagsett 10. apríl 2003 og bréf fjármálaráðuneytisins dagsett 10. apríl 2003, en öll bréfin bárust eftirlitsstofnuninni og voru skráð hjá henni 16. apríl 2003, tilkynntu norsk stjórnvöld að kerfi mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum yrði áfram við lýði í Norður-Troms og Finnmörku (gjaldsvæði 5).

Með bréfi dagsettu 16. maí 2003 (skjalnr. 03-2951 D) staðfesti eftirlitsstofnunin móttöku ofangreindra bréfa og óskaði frekari upplýsinga.

Með bréfi sendiráðs Noregs gagnvart Evrópusambandinu dagsettu 10. júní 2003 (skjalnr. 03-3707 A), sem hafði að geyma bréf fjármálaráðuneytisins dagsett 5. júní 2003, en bæði bréfin bárust eftirlitsstofnuninni og voru skráð hjá henni 11. júní 2003, lögðu norsk stjórnvöld fram frekari upplýsingar.

Með bréfi sendiherra Noregs gagnvart Evrópusambandinu dagsettu 4. júlí 2003 (skjalnr. 03-4403 A) var tilkynningin, sem varðaði gjaldsvæði 5, afturkölluð þar eð EFTA-ríkin höfðu, með samhljóða samkomulagi í fastanefnd EFTA-rikkanna hinn 1. júlí 2003 (ákvörðun nr. 2/2003/SC) og með tilvísun til 2. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, ákveðið að á gjaldsvæði 5 væri gildandi kerfi samrýmanlegt EES-samningnum vegna óvenjulegra aðstæðna þar.

Með bréfi dagsettu 16. júlí 2003 (skjalnr. 03-4598 D) tilkynnti eftirlitsstofnunin norskum stjórnvöldum ákvörðun sína um að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól að því er varðaði ríkisaðstoð sem er fólgin í mismunandi almannatryggingagjaldi eftir héruðum og beinum flutningsstyrkjum (hér eftir „ákvörðun um að hefja rannsókn“).

Ákvörðun um að hefja rannsókn var birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* <sup>(8)</sup>. Eftirlitsstofnunin gaf hagsmunaaðilum kost á að leggja fram athugasemdir um aðstoðaráætlunina.

Opinbert svar norskra stjórnvalda við ákvörðuninni um að hefja rannsókn barst með símbréfi viðskipta- og iðnaðarráðuneytisins dagsettu 17. september 2003, sem hafði að geyma bréf fjármálaráðuneytisins dagsett 17. september 2003 (skjalnr. 03-6381 A). Bréf fjármálaráðuneytisins dagsett 17. september 2003 barst einnig með bréfi sendiráðs Noregs gagnvart Evrópusambandinu dagsettu 18. september 2003, sem barst eftirlitsstofnuninni og var skráð hjá henni 19. september 2003 (skjalnr. 03-6451 A).

Eftirlitsstofnuninni bárust athugasemdir frá tíu hagsmunaaðilum.

Með tveimur bréfum, dagsettum 16. október 2003 (skjalnr. 03-7071 D) og 17. október 2003 (skjalnr. 03-7135 D), framsendi eftirlitsstofnunin norskum stjórnvöldum þessar athugasemdir.

Með símbréfi dagsettu 21. október 2003 framsendi viðskipta- og iðnaðarráðuneytið svar fjármálaráðuneytisins dagsett 21. október 2003 (skjalnr. 03-7243 A) við athugasemdum þriðju aðila. Bréf fjármálaráðuneytisins barst eftirlitsstofnuninni einnig með bréfi sendiráðs Noregs gagnvart Evrópusambandinu dagsettu 23. október 2003, sem barst eftirlitsstofnuninni og var skráð hjá henni 24. október 2003 (skjalnr. 03-7360 A).

<sup>(8)</sup> Ákvörðun nr. 141/03/COL frá 16. júlí 2003. Stjtið. ESB C 216, 11.9.2003, bls. 3 og EES-viðbætur nr. 45, 11.9.2003, bls. 1.

## 2. AÐDRAGANDI

Hinn 22. september 1999 samþykkti eftirlitsstofnunin tillögu norskra stjórnvalda að nýjum reglum um mismunandi almannatryggingagjald eftir héruðum <sup>(9)</sup>. Samþykkið var tímabundið og rann út 31. desember 2003.

Hinn 21. desember 2000 ákvað framkvæmdastjórn Evrópusambandsins að synja um samþykki fyrir styrkjakerfi sem sænsk stjórnvöld höfðu tilkynnt og fól í sér afslátt af almannatryggingagjaldi <sup>(10)</sup>. Framkvæmdastjórnin benti á að aðstoð, sem hlutgengt fyrirtæki ætti kost á samkvæmt kerfinu, væri ekki tengd raunverulegum kostnaðarauka fyrirtækisins vegna flutninga á nokkurn hátt, og ekki væri loku fyrir það skotið að styrkurinn yrði hærri en sem næmi kostnaðarauka vegna flutninga, a.m.k. í sumum tilvikum. Í ákvörðuninni er einnig bent á að norsk stjórnvöld hafi í bréfi dagsettu 27. júlí 2000 komið á framfæri athugasemdum við ákvörðunina um að hefja formlega rannsókn og norsk stjórnvöld hafi staðfest að í Noregi sé starfrækt styrkjakerfi sem svípar til hins sænska.

Með hliðsjón af ákvörðuninni sem sneri að Svíum var norska kerfið rætt eftir þetta á nokkrum fundum norskra stjórnvalda og eftirlitsstofnunarinnar og fundum eftirlitsstofnunarinnar með framkvæmdastjórn Evrópusambandsins.

Í bréfi dagsettu 29. nóvember 2001 (skjalnr. 01-9557 D) greindi eftirlitsstofnunin norskum stjórnvöldum m.a. frá því að stofnunin myndi hefja athugun á norska kerfinu með það fyrir augum að leggja fram tillögu að viðeigandi ráðstöfunum í því skyni að jafna samkeppnisskilyrði á landsvæðinu sem EES-samningurinn nær til.

Eftirlitsstofnunin hóf formlega athugun á norska kerfinu með bréfi til norskra stjórnvalda dagsettu 4. júní 2002 (skjalnr. 02-4189 D). Í bréfinu kom fram það bráðabirgðaálit eftirlitsstofnunarinnar að ekki væri víst að hið norska kerfi mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum samrýmdist lengur EES-samningnum.

Eftirlitsstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í ákvörðun sinni frá 25. september 2002 <sup>(11)</sup> um tillögu að viðeigandi ráðstöfunum að undanþágan, sem kveðið er á um í c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, gæti ekki náð til núverandi kerfis mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum. Aðstoðarfjárhæðir samkvæmt þessu kerfi eru ekki tengdar raunverulegum kostnaðarauka einstakra fyrirtækja vegna flutninga á nokkurn hátt og eru ekki reiknaðar í samræmi við ákvæði XI. viðauka Leiðbeininga um ríkisaðstoð. Í úrskurðarorðum ákvörðunarinnar segir meðal annars:

*„1. Eftirlitsstofnun EFTA leggur til að norsk stjórnvöld geri eftirfarandi viðeigandi ráðstafanir á grundvelli 1. mgr. 1. gr. bókanar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól í tengslum við þá ríkisaðstoð sem er fólgin í mismunandi almannatryggingagjaldi eftir héruðum („geografísk differensiert arbeidsgiveravgift“):*

- a) *Norsk stjórnvöld skulu gera hverjar þær ráðstafanir á sviði lagasetningar, stjórnsýslu eða af öðru tagi sem eru nauðsynlegar til að afnema ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins sem fólgin er í mismunandi almannatryggingagjaldi eftir héruðum eða til að breyta þeirri aðstoð þannig að hún samrýmist 61. gr. EES-samningsins.*
- b) *Norsk stjórnvöld skulu afnema alla slíka aðstoð eða breyta henni þannig að hún samrýmist samningnum fyrir 1. janúar 2004 nema eftirlitsstofnunin fallist á aðra dagsetningu, enda telji hún það nauðsynlegt og réttlætjanlegt til að gera fyrirtækjum, sem eiga hlut að máli, kleift að laga sig að breyttum aðstæðum.*
- c) *Norsk stjórnvöld skulu tilkynna eftirlitsstofnuninni ráðstafanir sem gerðar eru til að breyta styrkjakerfinu jafnskjótt og auðið er en ekki síðar en 25. mars 2003.*

2. *Eftirlitsstofnunin mælist til þess að norsk stjórnvöld tilkynni skriflega áður en mánuður er liðinn frá því að þau fá tillögur þessar um viðeigandi ráðstafanir í hendur að þau samþykki tillögurnar óbreyttar í samræmi við 1. mgr. 1. gr. bókanar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.“*

<sup>(9)</sup> Ákvörðun nr. 228/99/COL. Stjtið. EB C 3, 6.1.2000, bls. 3 og EES-viðbætur nr. 1, 6.1.2000.

<sup>(10)</sup> Stjtið. EB L 244, 14.9.2001, bls. 32.

<sup>(11)</sup> Ákvörðun nr. 172/02/COL.

Norsk stjórnvöld samþykktu tillöguna að viðeigandi ráðstöfunum með bréfi sendiráðs Noregs gagnvart Evrópusambandinu dagsettu 29. október 2002 sem barst eftirlitsstofnuninni og var skráð hjá henni 31. október 2002 (skjalnr. 02-7855 A).

### 3. LÝSING Á AÐSTOÐINNI SEM TILKYNNNT HEFUR VERIÐ

#### 3.1 Markmið og tilhögun aðstoðarinnar

Atvinnurekendur í Noregi greiða *sem stendur* almannatryggingagjald sem er mismunandi eftir landsvæðum. Markmiðið er að efla atvinnulíf í héruðum sem standa höllum fæti. Gildandi gjaldhlutföll, þ.e. hlutföll sem gilda fyrir árið 2003, koma fram í 1. töflu hér á eftir. Í töflunni kemur einnig fram íbúatala hvers svæðis sem hlutfall af íbúum landsins og íbúapétteleiki þess.

1. tafla

	Svæði 1	Svæði 2	Svæði 3	Svæði 4	Svæði 5
Gjaldhlutfall almannatryggingagjalds (hundraðshluti)	14,1	10,6	6,4	5,1	0
Hundraðshluti af íbúum landsins	76,6	9,4	2,6	9,4	2,0
Íbúapétteleiki (íbúar á ferkilómetra)	64,0	4,9	2,8	6,4	1,7

Á svæði 1 eru flest héruð í miðju og sunnanverðu landinu. Á svæði 5 eru nyrstu héruð landsins. Á svæðum 3 og 4, sem tilkynningin um aðlögunartíma tekur til, eru sveitarfélög í sýslunum Heiðmörk, Oppland, Suður-Þrændalögum, Norður-Þrændalögum, Norðurlandi og Troms. Íbúapétteleiki er 2,8 íbúar á km<sup>2</sup> á svæði 3 og 6,4 íbúar á km<sup>2</sup> á svæði 4. Ítarlegt yfirlit um landsvæðin er að finna í viðauka við þessa ákvörðun.

Almannatryggingagjaldið leggst á laun og aðrar starfstengdar greiðslur. Undir þetta falla laun og kaupgreiðslur ásamt öðrum greiðslum fyrir vinnu eða verkefni (nema vinnu sjálfstæðra atvinnurekenda), þóknanir stjórnarmanna o.s.frv., hlunnindi og hagnaður vegna endurgreiðslu á útlögðum kostnaði og félagslegra bóta sem koma í stað launa o.s.frv. Hlunnindi og útgjöld sem atvinnurekanda stendur strauum af, eru þó undanþegin gjaldinu nema atvinnurekandanum beri að halda eftir afdráttarskatti af þeim. Framlög atvinnurekenda í lífeyrissjóði eru einnig gjaldskyld svo og tilteknar lífeyrisgreiðslur. Greiðslur hvers atvinnurekenda eru reiknaðar af greiddum heildarlaunum. Greiðslurnar ráðast af því í hvaða sveitarfélagi launþegarnir hafa lögheimili en ekki staðsetningu fyrirtækisins.

Með bréfi fjármálaráðuneytisins dagsettu 25. mars 2003 tilkynntu norsk stjórnvöld *aðlögunarákvæði* fyrir svæði 3 og 4 sem skyldu gilda til þriggja ára, 2004–2007, og lögðu fram eftirfarandi töflu sem sýnir stighækkun gjaldhlutfalls almannatryggingagjaldsins <sup>(12)</sup>:

2. tafla

	Gildandi hlutfall	Hlutfall árið 2004	Hlutfall árið 2005	Hlutfall árið 2006	Hlutfall árið 2007
Svæði 1	14,1	14,1	14,1	14,1	14,1
Svæði 2	10,6	14,1	14,1	14,1	14,1
Svæði 3	6,4	8,3	10,2	12,1	14,1
Svæði 4	5,1	7,3	9,5	11,7	14,1

Af þessum sökum hefur enginn aðlögunartími verið tilkynntur fyrir svæði 2.

Að því er varðar launþega, sem eru 62 ára eða eldri, er lagt til að almannatryggingagjald verði lækkað um 4 prósentustig frá almennum gjaldhlutföllum sem sýnd eru í 2. töflu hér fyrir ofan.

<sup>(12)</sup> Fastanefnd EFTA-rikkjanna ákvað 1. júlí 2003 (ákvörðun nr. 2/2003/SC) að gildandi kerfi á svæði 5 væri samrýmanlegt EES-samningnum vegna óvenjulegra aðstæðna á því svæði (sjá 1. lið hér á undan).

Að sögn norskra stjórnvalda eru helstu rökin fyrir því að leggja til aðlögunartíma þau að væri reglan um mismunandi gjald afnumin þegar árið 2004 myndi það leiða til verulegra og mjög alvarlegra erfiðleika, ekki aðeins í einstökum fyrirtækjum, heldur öllum fyrirtækjum á svæðum 3 og 4 (þeim sem þegið hafa aðstoð umfram frímark) og hafa af þeim sökum mikil áhrif á atvinnuástand á svæðinu öllu. Talið er að hefði núverandi kerfi verið áfram í gildi frá árinu 2004 hefði heildarskattafsláttur einkafyrirtækja á svæðum 3 og 4 numið 3 030 milljónum norskra króna (um 370 milljónum evra). Á grundvelli skýrslu óháðrar sérfræðinganeftar („Effektutvalget“) leggja norsk stjórnvöld m.a. fram ýmsa útreikninga á hugsanlegum þjóðhagsáhrifum þess að jafna almannatryggingagjaldið. Að því tilskildu að ekki verði um nein afleidd áhrif á laun og vöruverð að ræða er áætlað að aukinn heildarlaunakostnaður muni valda því að störfum í einkafyrirtækjum fækki um 15 400 á svæði 4 og 2 900 á svæði 3. Þetta svarar til þess að staðbundin fækkun starfa í einkafyrirtækjum á þessum svæðum verði 15,5% (13,8% á svæði 3 og 15,8% á svæði 4). Hliðstæð heildarfækkun starfa í þessum héruðum yrði 7,5% á svæði 3 og 8,5% á svæði 4. Norsk stjórnvöld hafa einnig bent á að í ákvörðunum sínum um staðarval og fjárfestingar hafa fyrirtæki treyst á kerfi mismunandi gjalds allt frá því að því var komið á árið 1975.

Norsk stjórnvöld segja ennfremur að eðlilegt sé að álykta að svæðisbundin hækkun almannatryggingagjalds muni aðeins að mjög litlu leyti jafnast út með hækkun vöruverði og launalækkun, þegar til skamms tíma sé litið, vegna þess að nokkurn tíma muni taka að laga atvinnustarfsemi að nýjum aðstæðum. Þessu til stuðnings er bent á að launamyndunarkerfið í Noregi einkennist af tiltölulega umfangsmiklum, miðstýrðum kjarasamningum, en það hefur í för með sér að kaupgreiðslur geta ekki tekið tafarlausum breytingum í samræmi við hækkun á almannatryggingagjaldi atvinnurekenda. Fram kemur að hluta kostnaðaraukans muni verða velt yfir á launþega og neytendur, en aðeins þegar til langs tíma sé litið. Í þessu tilliti er vísað til ýmissa hagfræðirannsóknna.

Jafnframt er vakin athygli á að framlegð á svæðum 3 og 4 sé lítil í samanburði við svæði 1 og 2. Upplýsingarnar eru fengnar úr ársskýrslum fyrirtækja sem sendar eru opinberri fyrirtækjaskrá og reiknaðar á norsku hagstofunni.

Í öðru lagi telja norsk stjórnvöld að þeim hafi ekki borist „skýr skilaboð“ um að afnema yrði kerfið sem slíkt fyrr en síðla hausts 2002. Þau taka fram að ekki hafi þótt ráðlegt í faglegu tilliti og af stjórnmálaástandum að láta fyrirtæki laga sig að nýjum aðstæðum með einu gjaldhlutfalli (á fjárhæðir umfram frímark) áður en helstu einkenni nýs kerfis lægju fyrir. Í þessu tilliti vísa norsk stjórnvöld til óformlegra viðræðna sem áttu sér stað í kjölfar ákvörðunar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um hið sænska kerfi afsláttar af almannatryggingagjaldi.

Í bréfi dagsettu 16. maí 2003 benti eftirlitsstofnunin á að áformaður aðlögunartími væri þrjú ár bæði á svæði 3 og 4 og því myndi gjaldið hækka hlutfallslega meira á ári á svæði 4 en á svæði 3. Því var óskað eftir röksemdum fyrir því að fyrirtæki á svæði 3 þyrftu jafnlangan aðlögunartíma og fyrirtæki á svæði 4 enda þótt skattbyrði þeirra hækkaði minna. Stofnunin óskaði einnig eftir viðbótarskýringum eða útreikningum sem sýndu áhrif eins og tveggja ára aðlögunartíma á hvoru svæði um sig og í samanburði við þriggja ára aðlögunartíma.

Fjármálaráðuneytið lagði fram viðbótarskýringar í bréfi dagsettu 5. júní 2003. Tekið var fram að án aðlögunartíma myndi hækkun á almannatryggingagjaldinu svara til tafarlausrar hækkunar á launakostnaði fyrirtækjanna sem næmi 8,6% á svæði 3 og 7,2% á svæði 4 (eftir að frímarkinu væri náð). Með því að gera ráð fyrir almennum launahækkunum samkvæmt spá stjórnvalda myndi hækkun gjaldsins án aðlögunartíma leiða til nærri þrefalt meiri hækkunar á launakostnaði fyrirtækja á svæði 3 og 4 árið 2004 en búast mætti við að öðrum kosti (ef ekki væri tekið tillit til áhrifa af frímarki). Tekið var fram að vegna ósveigjanleika launataxta, sem grein hefði verið gerð fyrir, mætti telja víst að þrátt fyrir verulegan samdrátt í hagnaði fyrirtækja yrðu allar svæðisbundnar launabreytingar af þeim sökum mjög litlar framan af. Bent var á að ef ekki væri gert ráð fyrir aðlögunartíma myndi óskert yfirfærsla hærri launakostnaðar fela í sér verulega lækkun launataxta og yrði slíkt að teljast óraunhæft. Með tilliti til lítillar framlegðar á svæðum 3 og 4 var tekið fram að óskert gjaldhækkun hefði samsvarað verulegum hluta núverandi rekstrarhagnaðar. Ráðuneytið telur að þriggja ára aðlögunartími muni gefa meira



ráðrúm til launaleiðréttinga áður en óskert gjald verður lagt á, fresta útgjaldahækkun fyrirtækja og draga úr lokunum fyrirtækja og fækkun starfa í kjölfar gjaldhækkunar. Um ástæður þess að fyrirtækjum á svæði 3 er gefinn jafnlangur aðlögunartími og fyrirtækjum á svæði 4 segir ráðuneytið að þrjú ár séu mjög stuttur tími á báðum svæðunum, hlutfallslegur munur á hækkun gjaldsins milli svæða sé mjög lítill og óheppilegt væri að gera upp á milli svæðanna að því er varðar lengd aðlögunartímans.

### 3.2 Hlutgengar atvinnugreinar

Hin tilkynnta aðstoð nær til allra fyrirtækja sem hafa í sinni þjónustu launþega með lögheimili á svæðum 3 og 4, með tveimur meginundantekningum. Önnur undantekningin varðar fyrirtæki sem falla ekki undir ákvæði EES-samningsins, en hin varðar fyrirtæki í tilteknum atvinnugreinum sem greiða óskert gjald óháð því á hvaða svæði þau starfa.

Almannatryggingagjald vegna launþega í þjónustu ríkisins er einnig 14,1% óháð búsetu launþegans. Þegar laun eru hærrí en sem nemur 16-faldri grunnfjárhæð tryggingastofnunar Noregs (*Rikstrygdeverket*) er lagt 12,5% viðbótargjald á það sem umfram er. Þetta viðbótargjald er óháð búsetu launþegans og tegund atvinnu.

#### – Greinar sem falla ekki undir ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð

Flestar grunnatvinnugreinar (landbúnaður og skógrækt og fiskveiðar og -vinnsla) falla utan ákvæða EES-samningsins eða utan valdheimilda eftirlitsstofnunarinnar til að meta ríkisaðstoð, sjá 3. mgr. 8. gr. EES-samningsins, sbr. bókanir 3 og 9. Norsk stjórnvöld hafa ákveðið að viðhalda gildandi kerfi mismunandi almannatryggingagjalds í þessum greinum. Norsk stjórnvöld tóku fram í tilkynningunni að þau myndu tryggja að farið yrði að fullu að ákvæðum EES-samningsins, til þess að hindra að fyrirtæki í öðrum atvinnugreinum hagnýttu sér núverandi kerfi.

#### – Greinar sem greiða óskert gjald óháð staðsetningu

Fullt gjald, 14,1%, er lagt á eftirtalin fyrirtæki óháð búsetu launþega:

- Fyrirtæki sem framleiða rafmagn í vatnsorkuverum
- Fyrirtæki sem vinna olíu eða gas úr jörðu
- Fyrirtæki sem sinna einhverju af eftirtalinni þjónustu í tengslum við olíu- eða gasvinnslu:
  - Reynsluborun eða vinnsluborun í verktöku
  - Þjónustu í tengslum við olíu- og gasvinnslu
  - Borun eða borholuþjónustu í verktöku
- Fyrirtæki sem vinna málmgrýti úr jörðu annað en járngrýti og járngrýti sem inniheldur mangan
- Fyrirtæki sem vinna jarðefnin nefelínsýenít og ólívín til iðnaðarnota
- Fyrirtæki sem stunda smíðar og viðgerðir á sjálfknúnum hafskipum sem notuð eru í atvinnuskyni
 

Skilgreiningin á slíkum skipum er sem hér segir:

  - Farþegaskip og flutningaskip, 100 brúttórúmllestir eða stærri
  - Skip til sérstakra nota, 100 brúttórúmllestir eða stærri
  - Dráttarbátar, 365 kW eða öflugri
  - Fiskiskip, 100 brúttórúmllestir eða stærri, sem smíðuð eru til útflutnings til landa utan EES
  - Fljótandi og flytjanlegir ófullgerðir skrokkar ofantalinna skipa
- Fyrirtæki sem vinna við umfangsmiklar breytingar á ofangreindum tegundum skipa, enda séu skipin 1 000 brúttórúmllestir eða stærri
- Fyrirtæki sem framleiða stál sem fellur undir KSE-sáttmálann



- Fjármálafyrirtæki (í skilningi gr. 1-4 í lögum um útlánastarfsemi og fjármálastofnanir eða gr. 7-1 í lögum um verðbréfavíðskipti, sbr. fyrstu málsgrein gr. 1-2) sem reka útibú, stunda víðskipti yfir landamæri eða eiga dótturfyrirtæki sem reka slíka starfsemi í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu
- Fyrirtæki sem stunda vöruflutninga á vegum og hafa fleiri starfsmenn en sem samsvarar 50 ársverkum
- Fyrirtæki sem stunda fjarskiptaþjónustu

Fyrirtæki í ofangreindum flokkum, sem njóta ekki góðs af mismunandi almannatryggingagjalda eftir héruðum, geta fengið aðstoð samkvæmt eftirfarandi reglum um frímark.

### 3.3 Reglur um frímark

Hækkun á gjaldhlutfalli skv. 2. töflu hér að ofan, sem kemur til framkvæmda á svæðum 2, 3 og 4 frá árinu 2004 að telja, nær aðeins til aðstoðar umfram frímark.

Greiðslur atvinnurekenda á almannatryggingagjalda verða reiknaðar samkvæmt gildandi gjaldhlutfalli ársins 2003 fyrir svæði 2, 3 og 4 ef mismunur á almannatryggingagjalda samkvæmt hæsta gjaldhlutfalli (14,1%) og gjaldi samkvæmt gildandi lægri hlutföllum er ekki meiri en 270 000 norskar krónur á ári (100 000 evrur á þriggja ára tímabili). Eftir að þessu marki er náð ber að reikna almannatryggingagjaldað samkvæmt almennum gjaldhlutföllum, sjá 2. töflu. Samgöngufyrirtæki eru undanþegin þessu ákvæði. Frímarkskerfið tekur einnig til fyrirtækja sem greiða óskert gjald óháð staðsetningu. Heimilt er að veita aðra aðstoð á grundvelli frímarks, auk þeirrar sem er veitt í kerfi almannatryggingagjalds, að því tilskildu að heildarfjárhæð frímarksaðstoðar fari ekki yfir 270 000 norskar krónur á ári.

### 3.4 Fjárveiting

Samkvæmt útreikningum norskra stjórnvalda nemur lækkun almannatryggingagjalds á svæðum 3 og 4 vegna afsláttar af gjaldhlutföllum 997 milljónum norskra króna á árinu 2004 (896 milljónum á svæði 4 og 101 milljón á svæði 3), 674 milljónum norskra króna á árinu 2005 (606 milljónum á svæði 4 og 68 milljónum á svæði 3) og 351 milljón norskra króna á árinu 2006 (317 milljónum á svæði 4 og 35 milljónum á svæði 3), þ.e. 2 022 milljónum norskra króna alls (um 247 milljónum evra) á þessu þriggja ára tímabili.

## 4. ÁKVÖRÐUN UM AÐ HEFJA RANNSÓKN

Í ákvörðun eftirlitsstofnunarinnar um að hefja rannsókn var lýst tvenns konar efasemdum um þriggja ára aðlögunartíma vegna afnáms mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum á svæðum 3 og 4.

Helsta atriðið, sem eftirlitsstofnunin gerði athugasemdir við, var að norsk stjórnvöld hefðu ekki lagt fram útreikninga til að sýna hvaða áhrif eins og tveggja ára aðlögunartími hefði á hvoru svæði um sig og í samanburði við þriggja ára aðlögunartíma. Aðeins höfðu verið borin saman áhrif af þriggja ára aðlögunartíma og því að hafa engan aðlögunartíma og tekið fram að: „*styttri aðlögunartími en þrjú ár yrði of skammur*“. Eftirlitsstofnunin óskaði einnig eftir röksemdum fyrir því að fyrirtæki á svæði 3 þyrftu jafnlangan aðlögunartíma og fyrirtæki á svæði 4 enda þótt skattbyrði þeirra hækkaði minna.

Í öðru lagi dró eftirlitsstofnunin í efa gildi þeirra raka norskra stjórnvalda, að þeim hefðu ekki borist „skýr skilaboð“ um að afnema yrði kerfið sem slíkt fyrir en síðla hausts 2002, enda gætu stjórnvöld ríkis ekki notað misskilning á EES-reglum sem afsökun fyrir því að fullnægja ekki skuldbindingum samkvæmt samningnum.

#### 4.1 Athugasemdir norskra stjórnvalda

Með bréfi fjármálaráðuneytisins dagsettu 17. september 2003 lögðu norsk stjórnvöld fram athugasemdir við ákvörðun eftirlitsstofnunarinnar um að hefja rannsókn. Ráðuneytið ítrekaði þar rökin sem fram komu í bréfunum sem dagsett voru 25. mars 2003 og 5. júní 2003 og lagði fram frekari athugasemdir um áhrif eins og tveggja ára aðlögunartíma á hvoru svæði um sig og í samanburði við þriggja ára aðlögunartíma. Ráðuneytið lagði einnig fram frekari athugasemdir um ástæður fyrir því að fyrirtæki á svæði 3 þyrftu jafnlangan aðlögunartíma og fyrirtæki á svæði 4.

– *Efnahagsleg áhrif eins og tveggja ára aðlögunartíma*

Fjármálaráðuneytið lagði fram eftirfarandi töflu sem sýnir áhrif árlegrar hækkunar launakostnaðar og skattbyrði eftir lengd aðlögunartímans.

#### 3. tafla

„Árlegar breytingar á launakostnaði og skattbyrði vegna hækkunar gjaldhlutfalls að teknu tilliti til lengdar aðlögunartímans“

		Enginn aðlögunartími	Eins árs aðlögunartími	Tveggja ára aðlögunartími	Þriggja ára aðlögunartími
Hækkun gjaldhlutfalls	svæði 4	9,0 prósentustig	4,5 prósentustig	3,0 prósentustig	2,25 prósentustig
	svæði 3	7,7 prósentustig	3,85 prósentustig	2,6 prósentustig	1,93 prósentustig
Hækkun nafnlauna- kostnaðar vegna hækkunar gjaldhlutfalls eingöngu (launahækkanir undanskildar)	svæði 4	8,6%	4,3%	2,9%	2,1%
	svæði 3	7,2%	3,6%	2,4%	1,8%
Hækkun heildarskatt- byrði vegna hækkunar gjaldhlutfalls (áhrif launahækkana undanskilin)	svæði 4	1 186 milljónir no. kr.	593 milljónir no. kr.	395 milljónir no. kr.	296 milljónir no. kr.
	svæði 3	134 milljónir no. kr.	67 milljónir no. kr.	45 milljónir no. kr.	34 milljónir no. kr.
Hækkun nafngildis heildarlaunakostnaðar að meðtöldum eðlilegum launahækkunum	svæði 4	13,9%	9,2%	7,6%	6,9%
	svæði 3	12,6%	8,5%	7,2%	6,5%
Hækkun heildarlauna- kostnaðar (launahækkanir og hækkun gjaldhlutfalls samts) í samanburði við eðlilegar launahækkanir	svæði 4	309%	205%	170%	152%
	svæði 3	279%	189%	160%	145%

Ráðuneytið lætur fylgja athugasemdir um tölurnar sem fram koma í töflunni hér að ofan og bendir á að væri enginn aðlögunartími gefinn næmi tafarlaus hækkun almannatrygginga-gjaldsins 9 prósentustigum á svæði 4 og 7,7 prósentustigum á svæði 3, en það svarar til þess að launakostnaður fyrirtækjanna hækkaði í einni andrá um 8,6% og 7,2% (eftir að frímarkinu er náð) og endurspeglar hækkun á heildarskattbyrði sem nemur 1 186 milljónum norskra króna á svæði 4 og 134 milljónum norskra króna á svæði 3. Norsk stjórnvöld vísuðu einnig til rannsóknarskýrslu frá Møreforskning (<sup>13</sup>) sem sýnir nokkru hærri tölur (1,3 milljarða norskra króna annars vegar og 177 milljónir norskra króna hins vegar).

(<sup>13</sup>) „En analyse av regionale virkninger av omlegging av differensiert arbeidsgiveravgift.“ Møreforskning, arbeidsrapport M 0309, sjá vefsetrið [www.mfm.no](http://www.mfm.no).

Norsk stjórnvöld bentu á að væri enginn aðlögunartími gefinn, og að því tilskildu að ekki yrði vart yfirfærslu skattahækkunarinnar á laun í upphafi, yrði hækkun launakostnaðar árið 2004 í fyrirtækjunum, sem um ræðir, (án tillits til aðstoðar undir frímarki) um 300% af eðlilegri árshækkun launakostnaðar (hækkun um 13,9% á svæði 4 og um 12,6% á svæði 3) þegar miðað er við áætlaða árshækkun launa sem nemur 4,5%.

Væri aðlögunartíminn eitt ár yrði hækkun almannatryggingagjaldsins 4,5 prósentustig á svæði 4 og 3,9 prósentustig á svæði 3, en það svaraði til árshækkunar á launakostnaði fyrirtækjanna sem næmi 4,3% og 3,6% (eftir að frímarkinu væri náð) og leiddi til hækkunar á skattbyrði um 593 milljónir norskra króna á svæði 4 og 67 milljónir norskra króna á svæði 3. Að því tilskildu að ekki yrði vart yfirfærslu skattahækkunarinnar á laun yrði árshækkun launakostnaðar (ef ekki er tekið tillit til aðstoðar á grundvelli frímærks) h.u.b. helmingi meiri en eðlileg árshækkun launakostnaðar (205% á svæði 4 og 189% á svæði 3).

Væri aðlögunartíminn tvö ár myndi hækkun almannatryggingagjaldsins samsvara árshækkun í eitt skipti á launakostnaði fyrirtækjanna sem næmi 2,9% og 2,4% (eftir að frímarkinu væri náð) og leiða til hækkunar á skattbyrði um 395 milljónir norskra króna á svæði 4 og 45 milljónir norskra króna á svæði 3 hvort ár. Að því tilskildu að ekki yrði vart yfirfærslu skattahækkunarinnar á laun yrði árshækkun launakostnaðar í hlutaðeigandi fyrirtækjum (ef ekki er tekið tillit til aðstoðar á grundvelli frímærks) h.u.b. 170% af eðlilegri árshækkun launakostnaðar á svæði 4 og 160% á svæði 3.

Væri aðlögunartíminn þrjú ár myndi hækkun almannatryggingagjaldsins samsvara árshækkun í eitt skipti á launakostnaði fyrirtækjanna sem næmi 2,1% á svæði 4 og 1,8% á svæði 3 (eftir að frímarkinu væri náð) og leiða til hækkunar á skattbyrði um 296 milljónir norskra króna á svæði 4 og 34 milljónir norskra króna á svæði 3. Að því tilskildu að ekki yrði vart yfirfærslu skattahækkunarinnar á laun yrði árshækkun launakostnaðar í hlutaðeigandi fyrirtækjum (ef ekki er tekið tillit til aðstoðar á grundvelli frímærks) h.u.b. 152% af eðlilegri árshækkun launakostnaðar á svæði 4 og 145% á svæði 3.

Jafnframt var útlistað að leiðrétting gjaldhlutfalls til hækkunar gæti til skamms tíma lítið leitt til breytinga á vöruverði, launum eða framleiðslumagni. Fjármálaráðuneytið taldi einnig að allmörg fyrirtæki þyrftu að glíma við samkeppni á alþjóðamarkaði, og sú staðreynd, að hagnaðarhlutfall iðnfyrirtækja er að jafnaði lágt í héruðunum sem um ræðir, væri vísbending um að í flestum tilvikum væri lítið svigrúm til hækkunar á vöruverði. Jafnframt var bent á að af tölunum í 3. töflu mætti ráða að jafnvel með þriggja ára aðlögunartíma yrði árshækkun launakostnaðar miklu meiri en unnt væri að mæta með hliðstæðum launaleiðréttingum á sama ári.

Einnig var vísað til þess að engum athugunum væri til að dreifa sem gefið gætu nákvæmt svar við því hvaða áhrif breytingar á almannatryggingagjaldi hefðu á launamyndun. Greining á breytingum innan einstakra héraða gefur enn breytilegri niðurstöður um afleidd áhrif til langs tíma lítið. Ekki virðist hafa verið rannsakað sérstaklega hvaða tímaferli afleidd áhrif myndu fylgja. Því var haldið fram að vegna andstöðu gegn lækkun launataxta væri þess ekki að vænta að þróunin í kjölfar gjaldhækkunar yrði spegilmynd þess sem yrði við lækkun gjalda. Ef gjöld hækkuðu verulega mætti gera ráð fyrir að fyrirtæki yrðu nokkur ár að laga útgjöld sín að hækkuninni. Bent var á að af þessum sökum myndi aðlögunartíminn ekki aðeins seinka útgjaldahækkun fyrirtækjanna, heldur einnig lækka þann hámarkskostnað sem legðist á þau fyrsta árið sem gjaldið væri lagt á samkvæmt óskertu gjaldhlutfalli, þ.e. 14,1%. Ráðuneytið lagði því áherslu á að lengd aðlögunartímans vægi þyngra þegar tekið væri tillit til aðlögunar nafnlauna.

Niðurstaða norskra stjórnvalda var að yrði aðlögunartíminn þrjú ár í stað tveggja myndu færri fyrirtæki neyðast til að hætta rekstri eða draga saman seglin vegna hækkunar almannatrygging agjaldsins og þannig drægi úr hättunni á ört hrakandi atvinnuástandi, aukinni fólksfækkun og vaxandi atvinnuleysi.

- *Hvers vegna þurfa fyrirtæki á svæði 3 jafnlangan aðlögunartíma og fyrirtæki á svæði 4?*

Norsk stjórnvöld bentu á að hlutfallslegur munur á svæðunum tveimur væri mjög lítill í samanburði við vandamálin sem fylgdu aðlöguninni og tímann sem gefa þyrfti til breytinga á svæðunum báðum. Þau vísuðu einnig til þeirrar miklu fjölgunar gjaldþrota sem vart hefði orðið nýlega á svæði 3. Jafnframt var bent á að þótt aðlögunartíminn yrði einu ári styttri á svæði 3 en á svæði 4 myndi það ekki jafna hlut svæðanna, heldur aðeins leiða til meiri kostnaðarauka á svæði 3 en á svæði 4 (sjá 3. töflu hér á undan).

## 4.2 Athugasemdir hagsmunaaðila

Tíu samtök og fyrirtæki í Noregi lögðu fram athugasemdir við ákvörðunina um að hefja rannsókn. Athugasemdirnar fela allar í sér stuðning við tillögu norskra stjórnvalda um þriggja ára aðlögunartíma.

Í mörgum athugasemdanna kemur fram að kerfi mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum sé það einstakt verkfæri sem hafi mest að segja í norski byggðastefnu, og að það myndi hafa gífurleg áhrif á viðskipti og atvinnurekstur á svæðunum sem eiga í hlut ef hækkun almannatryggingagjalds ætti sér stað í einum áfanga 1. janúar 2004. Því er talið afar mikilvægt að eftirlitsstofnunin heimili áformin um aðlögunartíma.

Með bréfi sendiráðs Noregs gagnvart Evrópusambandinu dagsettu 23. október 2003, sem hafði að geyma bréf viðskipta- og iðnaðarráðuneytisins dagsett 21. október 2003 og bréf fjármálaráðuneytisins dagsett 21. október 2003, en öll bréfin bárust eftirlitsstofnuninni og voru skráð 24. október (skjalnr. 03-7360 A), lögðu norsk stjórnvöld fram stutta umsögn um athugasemdir þriðju aðila. Norsk stjórnvöld gátu þess að athugasemdirnar renndu stoðum undir þau sjónarmið sem áður hefðu verið kynnt eftirlitsstofnuninni, og að hvergi hefðu komið fram andmæli við áformum um aðlögunartíma.

## II. MAT

### 1. HVORT UM AÐSTOÐ ER AÐ RÆÐA

1. mgr. 61. gr. EES-samningsins hljóðar svo:

*“Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.”*

EFTA-dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu í máli E-6/98 <sup>(14)</sup>, 43. mgr., að „norska almannatryggingagjaldið [fæli] í sér ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. EES-samningsins.“ Að því er varðar mat á því hvort hin tilkynntu aðlögunarákvæði fyrir svæði 3 og 4 feli í sér ríkisaðstoð skal tekið fram að meginreglur kerfisins eru óbreyttar frá því sem var í kerfinu sem fjallað var um í dómi EFTA-dómstólsins í máli E-6/98. Þar eð núverandi kerfi fullnægir öllum skilyrðum fyrir beitingu 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins er það álit eftirlitsstofnunarinnar að hin tilkynntu aðlögunarákvæði fyrir svæði 3 og 4 feli í sér ríkisaðstoð.

Hinn 22. september 1999 <sup>(15)</sup> ákvað eftirlitsstofnunin að hreyfa ekki andmælum við tilkynningu norskra stjórnvalda um ráðstafanir sem þau hugðust gera til þess að fullnægja ákvæðunum í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA frá 2. júlí 1998. Niðurstaða eftirlitsstofnunarinnar var að aðstoðin gæti notið undanþágu sem byggðaaðstoð (óbeinir flutningsstyrkir) á grundvelli c-liðar 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Heimildin var tímabundin og gildi aðeins til 31. desember 2003. Núverandi kerfi mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum telst af þeim sökum gildandi aðstoðarkerfi til ársloka 2003.

Það er álit eftirlitsstofnunarinnar að hvers kyns ríkisaðstoð, sem veitt væri samkvæmt kerfi mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum eftir 1. janúar 2004, yrði að teljast ný aðstoð.

<sup>(14)</sup> EFTA-dómstóllinn, mál E-6/98, *Norska ríkið gegn Eftirlitsstofnun EFTA* [1999] Skýrsla EFTA-dómstólsins, bls. 74.

<sup>(15)</sup> Ákvörðun nr. 228/99/COL. Stjtið. EB C 3, 6.1.2000, bls. 3 og EES-viðbætur nr. 1, 6.1.2000.

Sumir þættir kerfisins, sem tilkynnt hefur verið, eru þó lausir við ríkisaðstoð sem eftirlitsstofnuninni ber að rannsaka samkvæmt 61. gr. EES-samningsins. Hér er um að ræða eftirfarandi ákvæði:

- Ef fyrirtæki greiða fullt almannatryggingagjald fá þau vitaskuld enga aðstoð samkvæmt kerfinu.
- Ef aðstoð er veitt samkvæmt reglum um frímark eins og lýst er í lið 3.3 í I. hluta hér á undan telst hún ekki aðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins <sup>(16)</sup>.
- Fjögurra prósentustiga afsláttur vegna allra launþega sem náð hafa 62 ára aldri gildir jafnt í öllum atvinnugreinum og öllum héruðum í Noregi. Hann telst því almenn ráðstöfun sem fellur ekki undir ákvæði 1. mgr. 61. gr.
- Lögsaga eftirlitsstofnunarinnar nær ekki til rannsóknar á aðstoð í landbúnaði og fiskveiðum <sup>(17)</sup>.

Að teknu tilliti til þessara atriða er aðstoðin, sem leggja ber mat á í þessu máli, sú sem er fólgin í hinum tilkynnta þriggja ára aðlögunartíma á svæðum 3 og 4.

## 2. TILKYNNINGARSKYLDA

Í 3. mgr. 1. gr. í I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól stendur: „*Tilkynna skal Eftirlitsstofnun EFTA um áætlanir um að veita eða breyta aðstoð þannig að henni gefist nægur tími til athugasemda.*“ Ef ekki er tilkynnt um veitta aðstoð eða tilkynnt um hana seint, þ.e. eftir að hún kemur „*til framkvæmda*“ telst hún ólögleg aðstoð. Í ákvörðun eftirlitsstofnunarinnar um að leggja til viðeigandi ráðstafanir (ákvörðun nr. 172/02/COL) var einnig kveðið á um að norskum stjórnvöldum bæri að „*tilkynna*“ eftirlitsstofnuninni breytingar á aðstoðaráætluninni fyrir 25. mars 2003 (sjá 2. lið I. hluta hér á undan).

Með bréfum sendiráðs Noregs gagnvart Evrópusambandinu frá 26. mars 2003 (skjalnr. 03-1846 A) og 10. júní 2003 (skjalnr. 03-3707 A) hafa norsk stjórnvöld fullnægt skuldbindingu sinni samkvæmt 3. mgr. 1. gr. í I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól og skuldbindingu sinni samkvæmt viðeigandi ráðstöfunum.

## 3. SAMRÝMANLEIKI AÐSTOÐARINNAR

### 3.1 Fyrra mat eftirlitsstofnunarinnar á því hvort kerfi mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum samrýmist reglum

Í ákvörðun eftirlitsstofnunarinnar um tillögu að viðeigandi ráðstöfunum af hálfu Noregs (ákvörðun nr. 172/02/COL) kom fram að stofnunin teldi að gildandi kerfi mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum í Noregi fullnægði ekki skilyrðum sem kveðið er á um í 27. mgr. undirkafla 25.4 og XI. viðauka í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð. Aðstoð við hlutgengt fyrirtæki ræðst af launakostnaði þess, en hann ræðst aftur á móti af fjölda launþega og hver laun þeirra eru. Aðstoðarfjárhæðir samkvæmt gildandi kerfi eru ekki í nokkru samræmi við þann aukna flutningskostnað sem einstök fyrirtæki þurfa að bera og eru ekki reiknaðar í samræmi við ofangreind ákvæði Leiðbeininga um ríkisaðstoð. Eftirlitsstofnunin komst því að þeirri niðurstöðu að gildandi kerfi mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum gæti ekki notið undanþágunnar sem kveðið er á um í c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Þótt áframhaldandi rekstur núverandi kerfis í Noregi væri brot á ákvæðum c-liðar 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins og Leiðbeininga um ríkisaðstoð er ekki loku fyrir það skotið að vísa megi til c-liðar 3. mgr. 61. gr. í tengslum við aðlögunarákvæði um afnám aðstoðarinnar sem ætla má að myndu vinna gegn mjög óhagfelldum efnahagslegum áhrifum í einu héraði eða fleiri. Í slíkum tilvikum er hugsanlegt að aðlögunarákvæði geti talist nauðsynleg og réttlætunleg í því skyni að samræma ríkisaðstoð ákvæðum reglna um ríkisaðstoð og gera fyrirtækjum kleift að laga sig að nýju efnahagsumhverfi <sup>(18)</sup>. Þó verður að gera ríkar kröfur um að óhagfelld efnahagsleg

<sup>(16)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 69/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart lágmarksaðstoð (Stjtið. EB L 10, 13.1.2001), eins og hún var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2002 frá 25. júní 2002 (Stjtið. EB L 266, 3.10.2002 og EES-viðbætur nr. 49, 3.10.2002). Með reglum um uppsöfnun er tryggt að heildaraðstoð samkvæmt reglum um frímark sé ekki umfram 100 000 evra hámarkið á þriggja ára tímabili, sjá reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 69/2001.

<sup>(17)</sup> Sjá til að mynda 3. mgr. 8. gr. og 20. gr. EES-samningsins ásamt bókunum 3 og 9, svo og 24. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól.

<sup>(18)</sup> Eftirlitsstofnunin hafði hliðsjón af því að framkvæmdastjórnin hefur einnig heimilað aðlögunarákvæði. Sjá til dæmis ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 88/318/EBE frá 2. mars 1988 varðandi lög nr. 64 frá 1. mars 1986 um aðstoð við Mezzogiorno (Stjtið. EB L 143, 10.6.1988, bls. 37); ríkisaðstoð N 586/2002 – Ítalía – Aðstoð í þágu togbrauta sem komið var á með héraðslögum (L.R.) nr. 9/98, Regione Lombardia.

áhrif af þessu tagi taki til heils héraðs, því að efnahagslegar afleiðingar, sem bitna á einstökum fyrirtækjum í kjölfar þess að synjað er um ríkisaðstoð, varða ekki mat á því hvort tiltekin aðstoð samrýmist reglum <sup>(19)</sup>.

Eftirlitsstofnunin mun meta, með hliðsjón af framangreindum atriðum, hvort hlutlæg rök séu fyrir því að þriggja ára aðlögunartími á svæðum 3 og 4 sé nauðsynlegur og réttlætunlegur í því skyni að gera hlutaðeigandi fyrirtækjum kleift að laga sig að breyttum aðstæðum á eðlilegan hátt <sup>(20)</sup>.

### 3.2 Er þriggja ára aðlögunartími á svæðum 3 og 4 nauðsynlegur og réttlætunlegur?

Norsk stjórnvöld tóku sérstaklega fram í tilkynningu sinni að væri enginn eða mjög stuttur aðlögunartími gefinn myndi m.a. skapast óvissa og erfiðleikaástand í mörgum fyrirtækjum í héruðunum og gæti það komið hart niður á efnahagsþróun þar. Í athugasemdum sínum við ákvörðunina um að hefja rannsókn (sjá 5. lið I. hluta hér á undan, einkum 3. töflu) lögðu norsk stjórnvöld m.a. fram útreikninga á áhrifum eins og tveggja ára aðlögunartíma á hvoru svæði um sig og í samanburði við hinn tilkynnta þriggja ára aðlögunartíma.

Eftirlitsstofnunin bendir á að í útreikningum norskra stjórnvalda kemur fram að væri mismunandi almannatryggingagjald eftir héruðum afnumið, og sé gert ráð fyrir að ekki verði um afleidd áhrif að ræða, myndi aukinn heildarlaunakostnaður leiða beint til fækkunar starfa í einkafyrirtækjum um 15 400 á svæði 4 og 2 900 á svæði 3. Þetta svarar til þess að staðbundin fækkun starfa í einkafyrirtækjum á þessum svæðum yrði 15,5% (13,8% á svæði 3 og 15,8% á svæði 4). Samsvarandi heildarfækkun starfa í þessum héruðum yrði 7,5% á svæði 3 og 8,5% á svæði 4.

Eftirlitsstofnunin bendir ennfremur á að fyrirtæki á svæðum 3 og 4 sýna litla arðsemi. Að sögn norskra stjórnvalda myndi (óskert) gjaldhækkun, að teknu tilliti til þess möguleika að veita aðstoð samkvæmt reglum um frímark, samsvara fyrir árið 2001 um 24% af heildarrekstrarhagnaði fyrirtækja á svæði 3, og nærri 40% á svæði 4.

Án aðlögunartíma svarar hækkun á almannatryggingagjaldinu til tafarlausrar hækkunar á launakostnaði fyrirtækjanna sem nemur 8,6% á svæði 4 og 7,2% á svæði 3 (eftir að frímarkinu er náð). Með því að gera ráð fyrir almennum launahækkunum samkvæmt spá stjórnvalda myndi hækkun gjaldsins án aðlögunartíma leiða til nærri þrefalt meiri hækkunar árið 2004 á launakostnaði fyrirtækja á svæði 3 og 4 en búast mætti við að öðrum kosti (ef ekki er tekið tillit til áhrifa frímarksins).

Eftirlitsstofnunin hefur einnig til hliðsjónar að verði mismunandi almannatryggingagjald afnumið í áföngum á þremur árum dreifast árlegar útgjaldhækkunarir fyrirtækjanna á það tímabil. Tafarlaust afnám gildandi kerfis fæli í raun í sér kostnaðarauka sem væri áfall fyrir hlutaðeigandi fyrirtæki. Hæfilegur aðlögunartími mildar áfallið og gefur fyrirtækjunum ráðrúm til að laga sig að nýju efnahagsumhverfi. Í þessu tilliti tekur eftirlitsstofnunin mið af þeim rökum norskra stjórnvalda að aðlögun verðlags og launa muni taka nokkurn tíma. Andstaða gegn launahækkunum er í sjálfu sér algengt fyrirbæri. Í einstökum héruðum getur það fengið auknið vægi þegar kjarasamningar fara að miklu leyti fram á landsvísi.

Sum fyrirtæki kunna að eiga hægara um vik en önnur að hækka verð á vörum sínum til þess að mæta auknum launakostnaði og getur það leitt til gjaldþrota eða lokunar fyrirtækja. Mæta má afleiðingunum af hækkuðu almannatryggingagjaldi með hófstílltum launahækkunum eða aukinni framleiðni, en þess er ekki að vænta að áhrif af slíku komi fram fyrr en að nokkrum tíma liðnum.

Öll fyrirtæki munu njóta góðs af upptöku reglna um frímark. Áhrifin verða þó ekki veruleg nema í mjög litlum fyrirtækjum og skipta þeim mun minna máli sem fyrirtækin verða stærri. Eftirfarandi dæmi getur varpað ljósi á þetta:

<sup>(19)</sup> Mál C-24/95 *Land Rheinland-Pfalz gegen Alcan Deutschland GmbH* [1997] ECR I-1591.

<sup>(20)</sup> Að því er varðar það sjónarmið norskra stjórnvalda að þeim hafi ekki borist „skýr skilaboð“ frá eftirlitsstofnuninni er afstaða stofnunarinnar óbreytt því sem fram kemur í ákvörðun frá 16. júlí 2003, lið 3.1.



Á svæði 4 er gildandi gjaldhlutfall vegna aðstoðar samkvæmt frímarki 5,1% (gjaldhlutfall ársins 2003), en það er 9 prósentustigum lægra en gildandi hlutfall á svæði 1. Ef launakostnaður fyrirtækis fyrir greiðslu almannatryggingagjalds er 3 000 000 norskar krónur (eða lægri) nýtur það frímærksins að fullu í þeim skilningi að útgjöld þess vegna almannatryggingagjalds verða þau sömu og nú er. Níu hundraðshluta skattaafsláttur af 3 000 000 norskra króna er 270 000 krónur. Fyrirtæki sem hafa hærri launakostnað njóta sama afsláttar vegna launa allt að 3 000 000 norskra króna, en greiða hærri hlutfall vegna launa umfram þá fjárhæð. Fyrirtæki, sem greiða 3 000 000 norskra króna í laun eða þar um bil, hafa að meðaltali um 10 starfsmenn. Í meðalstóru fyrirtæki með 250 launþegum yrði launakostnaður hér um bil 75 milljónir norskra króna. Greitt almannatryggingagjald samkvæmt óskertu 14,1% gjaldhlutfalli yrði yfir 10 milljónir norskra króna. Skattaafsláttur að fjárhæð 270 000 norskra króna yrði því fremur óverulegur.

Á grundvelli lykiltalna fyrir hlutafélög önnur en fjármálastofnanir hafa norsk stjórnvöld reiknað út að af heildarlaunakostnaði í þessum fyrirtækjum myndu hér um bil 50% falla utan frímærksreglunnar á svæðum 3 og 4.

Niðurstaðan verður sú að reglan um frímark hefur þau áhrif að milda áfallið af völdum skyndilegrar hækkunar almannatryggingagjalds (og hlífa alveg mjög smáum fyrirtækjum með 10 launþegum eða færri), en um 50% allra launþega starfa í fyrirtækjum sem aðeins munu njóta reglunnar að litlu leyti.

Önnur mótvægisáðgerð er hið fyrirhugaða kerfi beinna flutningsstyrkja (fjallað verður um hið tilkynnta kerfi beinna flutningsstyrkja í annarri ákvörðun). Þótt hið tilkynnta kerfi beinna flutningsstyrkja myndi hjálpa sumum fyrirtækjum sem þurfa að flytja vörur um langan veg með miklum tilkostnaði, gæti það ekki vegið að fullu upp afnám afsláttar af almannatryggingagjaldi. Ennfremur myndu mörg fyrirtæki ekki geta nýtt sér kerfið, t.d. þau sem starfa í þjónustugreinum. Einnig er rétt að nefna að samkvæmt hinu tilkynnta kerfi beinna flutningsstyrkja yrði allur ábati af afslætti af almannatryggingagjaldi dreginn frá reiknuðum flutningsstyrkjum. Samkvæmt tilkynningum Norðmanna yrði flutningsstyrkjum komið á í áföngum ef heimild eftirlitsstofnunarinnar fengist jafnframt því sem aðstoð í mynd afsláttar af almannatryggingagjaldi væri afnumin.

Að því er varðar mismun á gjaldhlutfalli á svæði 3 og svæði 4 bendir eftirlitsstofnunin á að munurinn er fremur litill og styttri aðlögunartími á svæði 3 en svæði 4 myndi leiða til þess að launakostnaður yxi hraðar hjá fyrirtækjum á fyrrnefnda svæðinu en hinu síðarnefnda. Það er því álit eftirlitsstofnunarinnar að verði aðlögunartími veittur eigi hann að vera jafnlangur á svæðunum tveimur.

Að því er varðar það álitamál hvort veita beri aðlögunartíma yfirleitt er það álit eftirlitsstofnunarinnar að það sé nauðsynlegt á svæðum 3 og 4 í því skyni að milda áfallið sem tafarlaus álagning óskerts almannatryggingagjalds myndi valda. Að því er varðar lengd aðlögunartímans telur eftirlitsstofnunin að norsk stjórnvöld hafi sýnt fram á að fyrirtækin þurfi ráðrúm til að laga sig að nýju efnahagsumhverfi. Á grundvelli þessara upplýsinga og framkominna sjónarmiða virðist hæfilegt að veita þriggja ára aðlögunartíma. Auk ofangreindra sjónarmiða er rétt að það komi skýrt fram að kerfi mismunandi almannatryggingagjalda hefðu verið við lýði í nærri 30 ár og fyrirtæki hafa miðað ákvarðanir sínar um staðarval og fjárfestingar við slíkt kerfi. Þetta kallar einnig á tímabundnar ráðstafanir af einhverju tagi.

Hafa verður í huga að málið, sem hér er til athugunar, varðar ekki einstakt fyrirtæki sem nýtur aðstoðar heldur öll fyrirtæki á heilu landsvæði. Þetta eru fyrirtæki sem eru þegar, og sem heild, í erfiðri samkeppnisstöðu. Skattahækkun hlýtur að veikja stöðu þeirra enn frekar. Þó er mikilvægt að hafa í huga að hin tilkynnta aðstoð felur í sér rekstraraðstoð. Að jafnaði er óheimilt að veita byggðaaðstoð í því skyni að lækka rekstrargjöld fyrirtækja (rekstraraðstoð). Það má þó gera í undantekningartilvikum, til að mynda á strjálbýlum svæðum þar sem aðstoðin jafnar að hluta aukinn flutningskostnað<sup>(21)</sup>. Eins og fram kemur í 1. töflu hér á undan eru svæði 3 og 4 strjálbýl og er íbúafjöldi innan við 12,5 á ferkílómetra. Eftirlitsstofnuninni ber að tryggja að aðstoð raski ekki viðskiptum svo mjög að stríði gegn almannahagsmunum. Þetta er einkar mikilvægt þegar um rekstraraðstoð er að ræða. Á hinn bóginn ber eftirlitsstofnuninni

<sup>(21)</sup> Leiðbeiningar um ríkisaðstoð, undirkafla 25.4.



að taka tillit til alvarlegra efnahagslegra og félagslegra afleiðinga sem skyndilegt afnám hins tilkynnta kerfis myndi hafa. Hér þarf að feta mjóan meðalveg og telur eftirlitsstofnunin algera nauðsyn að norsk stjórnvöld virði sett þriggja ára tímamörk fyrir afnám kerfisins. Það er álit eftirlitsstofnunarinnar að afnám núverandi kerfis í áföngum á þriggja ára tímabili á hinum efnahagslega viðkvæmu svæðum 3 og 4 raski ekki viðskiptum svo mjög að stríði gegn almannahagsmunum við þær sérstöku aðstæður sem ríkja í þessu tilviki og að teknu tilliti til allra ofangreindra sjónarmiða.

#### 4. NIÐURSTAÐA

Niðurstaða eftirlitsstofnunarinnar, með tilvísun til ofangreindra sjónarmiða og að teknu tilliti til hinna sérstöku aðstæðna sem ríkja í þessu tilviki, er að heimila hinn tilkynnta þriggja ára aðlögunartíma vegna afnáms mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum á svæðum 3 og 4.

#### SAMÞYKKT ÞESSA ÁKVÖRÐUN:

1. Ríkisaðstoðin, sem norsk stjórnvöld áforma að veita með hinum tilkynnta aðlögunartíma vegna afnáms mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum á svæðum 3 og 4, er heimil samkvæmt c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.
2. Ákvörðun þessari er beint til konungsríkisins Noregs.
3. Ákvörðun þessi telst fullgild á ensku.

Gjört í Brussel 12. nóvember 2003.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

*Einar M. Bull*  
forseti

*Hannes Hafstein*  
stjórnarmaður

## VIÐAUKI

**Landsvæði og núgildandi gjaldhlutföll (2003)**– **Svæði 1: Gjaldhlutfall 14,1 %.**

Á þessu svæði eru öll sveitarfélög sem ekki er getið hér á eftir á svæðum 2 til 5.

– **Svæði 2: Gjaldhlutfall 10,6 %.**

Á þessu svæði eru:

- í Norður-Þrændalagafylki sveitarfélögin Meråker, Frosta, Leksvik, Mosvik, Verran;
- í Suður-Þrændalagafylki sveitarfélögin Ørland, Agdenes, Rissa, Bjugn, Rennebu, Meldal, Midtre Gauldal, Selbu;
- í Mæris- og Raumsdalsfylki sveitarfélögin Vanylven, Sande, Herøy, Norddal, Stranda, Stordal, Rauma, Nesset, Midsund, Sandøy, Gjemnes, Tingvoll, Sunndal, Haram, Aukra, Eide;
- í Sogn- og Firðafylki öll sveitarfélög;
- í Hörðalandsfylki sveitarfélögin Etne, Ølen, Tysnes, Kvinnherad, Jondal, Odda, Ullensvang, Eidfjord, Ulvik, Granvin, Kvam, Modalen, Fedje, Masfjorden, Bømlo;
- í Rogalandsfylki sveitarfélögin Hjelmeland, Suldal, Sauda, Kvitsøy, Utsira, Vindafjord, Finnøy;
- í Vestur-Agðafylki sveitarfélögin Åseral, Audnedal, Hægebostad, Sirdal;
- í Austur-Agðafylki sveitarfélögin Gjerstad, Vegårshei, Åmli, Iveland, Evje og Hornnes, Bygland, Valle, Bykle;
- í Þelamerkurfylki sveitarfélögin Drangedal, Tinn, Hjartdal, Seljord, Kviteseid, Nissedal, Fyresdal, Tokke, Vinje, Nome;
- í Buskerud-fylki sveitarfélögin Flå, Nes, Gol, Hemsedal, Ål, Hol, Sigdal, Rollag, Nore og Uvdal;
- í Upplandafylki sveitarfélögin Nord-Fron, Sør-Fron, Ringebu, Gausdal, Søndre Land, Nordre Land;
- í Heiðmerkurfylki sveitarfélögin Nord-Odal, Eidskog, Grue, Åsnes, Våler, Trysil, Åmot.

– **Svæði 3: Gjaldhlutfall 6,4 %.**

Á þessu svæði eru:

- í Norður-Þrændalagafylki sveitarfélagið Snåsa;
- í Suður-Þrændalagafylki sveitarfélögin Hemne, Snillfjord, Oppdal, Røros, Holtålen, Tydal;
- í Upplandafylki sveitarfélögin Dovre, Lesja, Skjåk, Lom, Vågå, Sel, Sør-Aurdal, Etnedal, Nord-Aurdal, Vestre Slidre, Øystre Slidre, Vang;
- í Heiðmerkurfylki sveitarfélögin Stor-Elvdal, Rendalen, Engerdal, Tolga, Tynset, Alvdal, Folldal, Os

– **Svæði 4: Gjaldhlutfall 5,1 %.**

Á þessu svæði eru:

- í Tromsfylki þau sveitarfélög sem ekki er getið meðal sveitarfélaga á svæði 5 hér á eftir;
- í Norðurlandsfylki öll sveitarfélög;
- í Norður-Þrændalagafylki sveitarfélögin Namsos, Namdalseid, Lierne, Røyrvik, Namsskogan, Grong, Høylandet, Overhalla, Fosnes, Flatanger, Vikna, Nærøy, Leka;
- í Suður-Þrændalagafylki sveitarfélögin Hitra, Frøya, Åfjord, Roan, Osen;
- í Mæris- og Raumsdalsfylki sveitarfélagið Smøla.

– **Svæði 5: Gjaldhlutfall 0 %.**

Á þessu svæði eru:

- í Finnmerkurfylki öll sveitarfélög;
- í Tromsfylki sveitarfélögin Karlsøy, Lyngen, Storfjord, Kåfjord, Skjervøy, Nordreisa og Kvænangen.

**Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr. EES-samningsins og  
3. mgr. 1. gr. í I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól**

2005/EES/29/02

Eftirlitsstofnun EFTA hefur komist að þeirri niðurstöðu að sumar hinna tilkynntu ráðstafana feli ekki í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins og hefur jafnframt ákveðið að hreyfa ekki andmælum gegn öðrum ráðstöfunum í sömu tilkynningu.

<b>Dagsetning ákvörðunar:</b>	30. júní 2004
<b>EFTA-ríki:</b>	Noregur
<b>Númer aðstoðar:</b>	55 364
<b>Fyrirsögn:</b>	Tiltekna undanþágur frá raforkugjaldi
<b>Markmið:</b>	Gjaldtaka af raforku sem er aðallega notuð í stað eldsneytis. Raforkugjaldinu er ætlað að hamla gegn aukinni raforkunotkun og ýta undir notkun endurnýjanlegra orkugjafa. Nauðsynlegt er að veita undanþágur frá gjaldinu vegna versnandi samkeppnisstöðu í milliríkjavíðskiptum og til að auðvelda fyrirtækjum að laga sig að gjaldi sem er hærra en sem nemur lágmarkinu sem kveðið er á um í löggjöf Evrópubandalaganna.
<b>Lagaheimild:</b>	Ákvæði 61. gr. EES-samningsins
<b>Fjárveiting/Gildistími:</b>	Afsláttur af raforkugjaldi í framleiðslugreinum, námavinnslu og grjótnámi, auk félagsþjónustu að því marki sem raforkan er notuð til iðnframleiðslu á sama hátt og í framleiðslugreinum, námavinnslu og grjótnámi, til ársins 2014. Afsláttur af raforkugjaldi í héruðunum Finnörku og Norður-Troms til ársloka 2006.

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á eftirfarandi slóð:

[www.eftasurv.int/fieldsOfWork/fieldStateAid/stateAidRegistry](http://www.eftasurv.int/fieldsOfWork/fieldStateAid/stateAidRegistry)

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(mál COMP/M.3696 – E.ON/MOL)**

**2005/EES/29/03**

1. Framkvæmdastjórninni barst 2. júní 2005 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið E.ON Ruhrgas International AG („ERI“), sem tilheyrir þýsku samsteypunni E.ON AG („E.ON“), öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir ungversku fyrirtækjunum MOL Földgázellátó Rt („WMT“) og MOL Földgástároló Rt („MOL Storage“) sem eru nú að fullu undir yfirráðum hins ungverska MOL Hungarian Oil and Gas Plc („MOL“). ERI mun einnig kaupa eignarhlut MOL í ungverska fyrirtækinu Panrusgáz Magyar-Orosz Gázipari Rt („Panrusgáz“) sem er sameiginlegt fyrirtæki hins rússneska OAO Gazprom og MOL.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - E.ON: orkufyrirtæki sem stundar raforku- og gassölu víða í Evrópu og Bandaríkjunum auk skyldrar starfsemi
  - MOL: samsteypa með starfsemi á öllum sviðum olíu- og gasvinnslu, aðallega í Ungverjalandi
  - WMT: sala til almennra veitufyrirtækja og viðskipti með gas
  - MOL Storage: á og rekur gasgeymslustöðvar í Ungverjalandi
  - Panrusgáz: kaupir gas af Gazexport/Gazprom og selur áfram til WMT
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 140, 9. júní 2005). Þær má senda með símbrefi (faxnr. (32) 22 96 43 01 / 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.3696 – E.ON/MOL, á eftirfarandi póstfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(mál COMP/M.3732 – Procter & Gamble/Gillette)****2005/EES/29/04**

1. Framkvæmdastjórninni barst 27. maí 2005 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið The Procter & Gamble Company („P&G“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir bandaríska fyrirtækinu The Gillette Company („Gillette“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - P&G: neytendavörur (vörur til heimilishalds, snyrtivörur, heilsuvörur, ungbarnavörur)
  - Gillette: neytendavörur (munnhirðuvörur, lítill raftæki, rafhlöður, rakvélar og rakvélablöð, snyrtivörur)
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 139, 8. júní 2005). Þær má senda með símbrefi (faxnr. (32) 22 96 43 01 / 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.3732 – Procter & Gamble/Gillette, á eftirfarandi póstoffang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(mál COMP/M.3778 – Böhler-Uddeholm/Buderus)****2005/EES/29/05**

1. Framkvæmdastjórninni barst 26. maí 2005 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> og í kjölfar vísunar samkvæmt 5. mgr. sömu greinar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem austurríska fyrirtækið Böhler-Uddeholm AG („Böhler“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir þýska fyrirtækinu Edelmetallwerke Buderus AG („Buderus“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Böhler: sérnotastál
  - Buderus: sérnotastál
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 137, 4. júní 2005). Þær má senda með símbrefi (faxnr. (32) 22 96 43 01 / 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.3778 – Böhler-Uddeholm/Buderus, á eftirfarandi póstoffang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(mál COMP/M.3804 – Continental/Xtra Print)****2005/EES/29/06**

1. Framkvæmdastjórninni barst 30. maí 2005 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> og í kjölfar vísunar samkvæmt 5. mgr. sömu greinar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Continental AG öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir þýska fyrirtækinu Xtra Print Holding GmbH („Xtra Print“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Continental: framleiðsla og sala á vörum úr gúmi til tæknilegra nota, hjólbörðum og hmlakerfum í bifreiðar og íhlutum í ökutæki
  - Xtra Print: framleiðsla og sala á pappír til offsetprentunar
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 139, 8. júní 2005). Þær má senda með símbrefi (faxnr. (32) 22 96 43 01 / 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.3804 – Continental/Xtra Print, á eftirfarandi póstoffang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.



**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(mál COMP/M.3833 – 3i SGR/Giochi Preziosi)**

2005/EES/29/07

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 1. júní 2005 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið 3i Group plc („3i“) og ítalska fyrirtækið Fingiochi SpA öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir ítalska fyrirtækinu Giochi Preziosi SpA sem er nú undir yfirráðum Fingiochi að fullu.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - 3i: fjárfestingar í óskráðum félögum og áhættufjárfestingar
  - Fingiochi: eignarhaldsfélag samsteypunnar Giochi Preziosi
  - Giochi Preziosi: verslun með leikföng í smásölu og heildsölu
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 140, 9. júní 2005). Þær má senda með símbrefi (faxnr. (32) 22 96 43 01 / 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.3833 – 3i SGR/Giochi Preziosi, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál COMP/M.3836 – Goldman Sachs/Pirelli Cavi e Sistemi Energia/  
Pirelli Cavi e Sistemi Telecom)**

2005/EES/29/08

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 2. júní 2005 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fjárfestingarsjóðir í eigu Goldman Sachs & Co („Goldman Sachs“), sem tilheyrir Goldman Sachs Group, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir framleiðslu Pirelli & C. SpA á raf- og fjarskiptastrengjum („strengjaframleiðslu“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Goldman Sachs: fjárfestingabankastarfsemi, verðbréfavíðskipti, fjárfestingastjórnun
  - Strengjaframleiðsla: framleiðsla rafstrengja og fjarskiptastrengja (ljósleiðara og koparstrengja)
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 140, 9. júní 2005). Þær má senda með símbrefi (faxnr. (32) 22 96 43 01 / 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.3836 – Goldman Sachs/Pirelli Cavi e Sistemi Energia/Pirelli Cavi e Sistemi Telecom, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(mál COMP/M.3839 – Access Industries/Basell)**

2005/EES/29/09

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 30. maí 2005 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem lúxemborgska fyrirtækið AI International Sàrl, sem tilheyrir bandarísku samsteypunni Access Industries, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrirnefndrar reglugerðar yfir hollenska fyrirtækinu Basell NV.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Access Industries: samsteypa eignarhaldsfyrirtækja sem eiga hluti í olíufyrirtækjum (m.a. TNK-BP), kola-, ál-, orku- og fjarskiptafyrirtækjum
  - Basell: framleiðsla og sala fjölalkena (fjöletýlens og fjölprópýlens) og skyldra efna, sérnotaefna og hvata, ásamt sölu nýtleifyfa fyrir skylda tækni
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 138, 7. júní 2005). Þær má senda með símbrefi (faxnr. (32) 22 96 43 01 / 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.3839 – Access Industries/Basell, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(mál COMP/M.3840 – CVC/Cortefiel)****2005/EES/29/10****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 31. maí 2005 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið Coral Retail Industries, SL, sem er undir yfirráðum hins lúxemborgska CVC Capital Partners Group Sàrl („CVC“), öðlast að fullu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir spænska fyrirtækinu Cortefiel, SA með yfirtökuboði sem var tilkynnt 12. maí 2005.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - CVC: fjárfestingasjóður
  - Cortefiel: framleiðsla og smásala fatnaðar og skyldrar vöru, smásala snyrtivöru
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 138, 7. júní 2005). Þær má senda með símbrefi (faxnr. (32) 22 96 43 01 / 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.3840 – CVC/Cortefiel, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(mál COMP/M.3843 – Macquarie/CDPQ/YBR Group)**

2005/EES/29/11

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 27. maí 2005 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið Macquarie Bank Limited („Macquarie“) og kanadíska fyrirtækið Caisse de Dépôt et Placement du Québec („CDPQ“) öðlast í sameiningu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir hollenska fyrirtækinu Yellow Brick Road Group („YBR Group“) með kaupum á hlutafé þriggja dótturfyrirtækja þess, Yellow Brick Road (LH1) Sàrl, Yellow Brick Road (DH1) BV og Mediatel Holding GmbH og dótturfyrirtækja þeirra.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Macquarie: sérfræðiþjónusta á sviði fjármála og fjárfestingabankastarfsemi
  - CDPQ: umsjón almennra lífeyrissjóða og einkalífeyrissjóða og tryggingasjóða
  - YBR Group: útgáfa og dreifing símaskráa af ýmsu tagi, bæði prentaðra og rafrænna, sala auglýsingarýmis í þeim og símaskrárleitarpjónusta
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

